

543. fundur stjórnar SASS

haldinn að Austurvegi 56 Selfossi

1. febrúar 2019, kl. 13:00 – 16:00

Mætt: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Helgi Kjartansson, Grétar Erlendsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Lilja Einarsdóttir varamaður Bjarkar. Friðrik Sigurbjörnsson og Björk Grétarsdóttir boðuðu forföll. Þá sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Á fundinn komu einnig, undir dagskrárlíð 2. frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri og Björn Steinar Pálmason, framkvæmdastjóri fjármála. Undir dagskrárlíð 3. komu frá lögreglustjóranum á Suðurlandi Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri og Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 542. fundar undirrituð.

2. Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Fulltrúar HSU, Herdís og Björn Steinar, fór yfir málefni stofnunarinnar. Farið var yfir mikilvægi stofnunarinnar í samfélaginu og þær áskoranir sem hún stendur frammi fyrir vegna fjölgunar íbúa og ferðamanna. Þrátt fyrir að umfang þjónustunnar hafi aukist mikið á síðustu árum hefur fjármagn frá ríkinu ekki fylgt aukningunni. Segja má að HSU sé í dag að veita meiri þjónustu fyrir hlutfallslega minna fé en það gerði áður. Farið var yfir mikilvægi samtalsins á milli stofnunarinnar, samtakanna og sveitarfélaganna í landshlutanum og nauðsyn þess að horft yrði til hagsmuna sveitarfélaganna 15 sem aðild eiga að samtökunum þegar verið er að gera breytingar hjá stofnuninni. Aðilar munu áfram vinna þétt saman að eflingu stofnunarinnar.

3. Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Fulltrúar lögreglustjórans á Suðurlandi Kjartan og Oddur kynntu embættið. Fjallað var um mikilvægi embættisins í samfélaginu og þær áskoranir sem það stendur frammi fyrir vegna fjölgunar íbúa og ferðamanna. Umfang þjónustunnar hefur aukist mikið á síðustu árum en auk þess hefur embættið tekið að sér ný verkefni. Formaður áréttaði mikilvægi þess að embættið, samtökin og sveitarfélögin í landshlutanum ynnu áfram þétt saman og tók dæmi um tvö áhersluverkefni Sóknaráætlunar sem unnið er að en annað tengist forvörnum gegn



vímuefnum og hitt náttúruvá og skipulagi. Lögreglustjórinn tók undir sjónarmið formannsins og hlakkaði til áframhaldandi samstarfs.

Framkvæmdastjóra falið að fá sýslumanninn á Suðurlandi og lögreglustjóran í Vestmannaeyjum á fund stjórnar.

4. Önnur mál til kynningar og umræðu

- a. Fundargerðir stjórna annarra landshlutasamtaka og sambandsins

Lagðar fram til kynningar, fundargerð 316. fundar stjórnar Eypings, 7. fundar stjórnar SSA 740. fundar stjórnar SSS og 867. fundar sambandsins.

- b. Almenningsangöngur

Framkvæmdastjóri kynnti að skv. óendurskoðuðum reikningum samtakanna sé áætlað tap af rekstri almenningsangagna á árinu 2018 um 36 m.kr.

- c. Drög að samningi við Kirkjubæjarstofu

Drög eru í vinnslu og verða send til stjórnar til skoðunar og staðfestingar þegar þau eru tilbúin.

- d. ART verkefnið

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu málið en núverandi samningur samtakanna við Barnaverndarstofu, f.h. félagsmálaráðuneytisins, rennur út um komandi áramót.

Stjórn SASS áréttar nauðsyn þess að félags- og barnamálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

- e. Samtal um stefnur ríkisins í landshlutum – ráðstefna sem fór fram í Hveragerði

Formaður kynnti ráðstefnu sem Byggðastofnun hélt í Hveragerði 22. – 23. janúar sl. en yfirskrift ráðstefnunnar var „Samtal um stefnur ríkisins í landshlutum“.

Umfjöllun um ráðstefnuna má finna á heimasíðu Byggðastofnunar: <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/samtal-um-stefnur-rikisins-i-landkshlutum>

- f. Starfshópur um húsnaðisúrræði við FSu og Samgöngunefnd SASS

Stjórn samþykkir tillögu formanns um að Ungmennaráð Suðurlands eigi fulltrúa í starfshópnum og að Einar Elínarson sé formaður starfshópsins.

Stjórn samþykkir jafnframt að Ungmennaráð Suðurlands eigi fulltrúa í Samgöngunefnd SASS.

Framkvæmdastjóra falið að kall eftir tilnefningum Ungmennaráðs Suðurlands í báðar nefndirnar.



g. „Landstólpinn“ - samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar

Formaður kynnti hugleiðingar forstjóra Byggðastofnunar um Landstólpann. Stjórn telur gildi viðurkenningarinnar nokkuð í samfélaginu og hvetur til að áfram verði haldið að veita viðurkenninguna og að Landstólpinn verði vel kynntur fyrir almenningi.

h. Húsnæði samtakanna að Austurvegi 56 Selfossi

Fyrirspurn hefur borist um kaup á fasteign SASS að Austurvegi 56 Selfossi og að samtökin flytji starfsemi sína í leiguhúsnæði á Selfossi sem kaupandi á. Stjórn þakkar áhugann en hún hefur að sinni ekki áhuga á frekari viðræðum.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 1. mars nk.

Fundi slitið kl. 16:00.

Eva Björk Harðardóttir
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir
Lilja Einarsdóttir
Helgi Kjartansson
Grétar Erlendsson
Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Ari Björn Thorarensen